



MJÓLKURFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Parabakki 3, 109 Reykjavík, Pósthólf 9376

Sími 872199 - Fax 872175

Reykjavík 12,04,96

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 120, 1498
komudagur 17/4 1996

Stjórn og trúnaðarmannaráð Mjólkurfræðingafélags Íslands mótmælir harðlega þeim endurteknu árásum á launafólk í landinu sem Ríkisstjórn og Alþingi hefur haft í frammi.

Sérstaklega vill stjórn og trúnaðarmannaráð félagsins fordæma harðlega síðasta gjörning stjórnvalda gegn launþegum þessa lands, er lagt var fram á Alþingi frumvarp til laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

Stjórn og trúnaðarmannaráð Mjólkurfræðingafélags Íslands krefst þess, að frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur verði þegar í stað dregið til baka svo aðilar vinnumarkaðarins geti áfram unnið í sátt að gerð rammisamnings um samskiptareglur á vinnumarkaði.

Stjórn og trúnaðarmannaráð félagsins telur framkomið frumvarp fela í sér mjög alvarlega íhlutun í málefni stéttarfélaga, þar er vegið að lýðræðislegum réttindum launafólks, grundvallarbreyting er gerð á verkfallsheimildinni og stórkostlega aukin völd eru færð sáttasemjara.

Með frumvarpinu hafa stjórnvöld gefið yfirlýsingu um að þau óski ekki lengur eftir hefðbundnu samstarfi við verkalýðs-hreifinguna í landinu, og hafa þar með rofið þá sátt sem ríkt hefur um þróun samskiptareglna á vinnumarkaðnum.

Stjórn og trúnaðarmannaráð Mjólkurfræðingafélags Íslands vill sérstaklega benda á í frumvarpinu þá lýðræðissviptingu sem á sér stað þegar sáttasemjara eru færð slík völd, að hann geti nánast að frjálstri vild tengt saman félög og hópa í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu, óháð því hvort þau eiga í vinnudeilu eða ekki.

Þetta geta varla talist vinnubrögð í lýðræðisríki.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar og trúnaðarmannaráðs Mjólkurfræðingafélags Íslands


Geir Jónsson
formaður.

Samrit sent:
Miðstjórn A.S.Í.